

Þessu gert að inna af hendi frekari greiðslu til stefnanda. Verður máli þessu því í heild sinni vísað frá dómi ex officio.

Dóm þennan kveður upp Hlöðver Kjartansson, fulltrúi bæjarfógeta.

Nokkur dráttur hefur orðið á uppkvaðningu dómsins vegna anna dómarans við önnur embættisverk.

Dómsorð:

Máli þessu er vísað frá dómi ex officio.

Fimmtudaginn 21. september 1978.

Nr. 139/1978. **Ragnar Björnsson**
 gegn
Tónlistarfélagi Keflavíkur
Tónlistarskólanum í Keflavík
og fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs.

Kærumál. Varnarþing. Frávísunardómur staðfestur.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Ármann Snævarr, Björn Sveinbjörnsson og Þór Vilhjálmsson.

Sóknaraðili hefur samkvæmt heimild í b lið 1. tl. 1. mgr. 21. gr. laga nr. 75/1973 skotið máli þessu til Hæstaréttar með kæru 18. júlí 1978, er barst Hæstarétti 15. ágúst s. á. Krefst hann þess, að frávísunardómur bæjarþings Reykjavíkur 10. júlí 1978 verði felldur úr gildi og að lagt verði fyrir héraðsdómara að leggja efnisdóm á málið. Þá krefst hann kærumálskostnaðar úr hendi varnaraðilja.

Varnaraðiljarnir Tónlistarfélag Keflavíkur og Tónlistarskólinn í Keflavík krefjast staðfestingar á frávísunardóminum og kærumálskostnaðar úr hendi sóknaraðilja.

Frá fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs hafa hvorki borist kröfur né greinargerð.

Lagagrundvöllur sá, er sóknaraðili reisir kröfur sínar gegn fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs á, er eigi þess konar, að mál þetta verði höfðað fyrir bæjarþingi Reykjavíkur, en málsaðiljar hafa eigi samið um, að mál þetta yrði rekið þar.

Eftir atvikum þykir rétt, að kærumálskostnaður falli niður.

D ó m s o r ð :

Hinn kærði frávísunardómur á að vera óraskaður.

Kærumálskostnaður fellur niður.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 10. júlí 1978.

Mál þetta, sem tekið var til dóms eða úrskurðar 15. júní sl. að loknum munnlegum málflutningi um frávísunarkröfu stefndu Tónlistarfélags Keflavíkur og Tónlistarskólans í Keflavík, höfðaði Ragnar Björnsson tónlistarmaður, Grundárlandi 10, Reykjavík, fyrir bæjarþingi Reykjavíkur með stefnu, birtri 2. nóv. 1977, gegn Tónlistarfélagi Keflavíkur og Tónlistarskólanum í Keflavík svo og fjármálaráðherra fyrir hönd ríkissjóðs til greiðslu in solidum á skaðabótum, kr. 14.609.663 ásamt 13% ársvöxtum frá 1. janúar 1977 til greiðsludags, og málskostnaði að skaðlausu.

Stefndi fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs hefur krafist sýknu af kröfum stefnanda og að honum verði tildæmdur málskostnaður að mati réttarins. Til vara er gerð sú krafa, að kröfur stefnanda verði stórlega lækkaðar og málskostnaður látinn falla niður.

Stefndu Tónlistarfélag Keflavíkur og Tónlistarskólinn í Keflavík hafa gert þá kröfu, að málinu verði vísað frá dómi og þeim tildæmdur málskostnaður úr hendi stefnanda.

Við munnlegan málflutning um frávísunarkröfuna krafðist lögmaður stefnanda þess, að frávísunarkröfunni yrði hrundið og að stefnanda yrði tildæmdur málskostnaður úr hendi stefndu Tónlistarfélags Keflavíkur og Tónlistarskólans í Keflavík í þessum þætti málsins, en til vara, að tekið yrði tillit til frávísunarkröfunnar við efnisdóm í málinu.

Við munnlegan málflutning um frávísunarkröfuna andmælti lögmaður stefnda ríkissjóðs frávísunarkröfunni með vísan til 83. gr. laga 85/1936, en benti á, að vanreifun leiði til frávísunar ex officio.

II.

Í stefnu er málavöxtum lýst á þá leið, að stefnandi hafi verið skólastjóri Tónlistarskólans í Keflavík frá árinu 1959. Hinn 30. sept. 1970 hafi verið gerður ráðningarsamningur við stefnanda sem skólastjóra. Undir þennan samning hafi ritað f. h. Tónlistarfélags Keflavíkur, sem þá hafi rekið skólann, Alfreð Gíslason bæjarfógeti og stefnandi. Efni samningsins hafi meðal annars verið það, að stefnandi væri fastráðinn skólastjóri skólans. Í 3. gr. B. samningsins segi:

„Fyrir kennslustundaskyldu (. . . stundir á viku), sem nemur 1/1 hluta af kennsluskyldu skipaðra kennara við ríkisskóla, greiðir Tónlistarfélag Keflavíkur laun, sem nema 1/1 hluta af launum samkvæmt 21. launaflokki opinberra starfsmanna, og miðað við 12 ára starf. Hækkanir verða greiddar í sama hlutfalli og greitt er til opinberra starfsmanna.

Ragnar Björnsson vekur athygli á starfsaldurshækkunum, ef Tónlistarfélagið gerir það ekki.“

Í 8. gr. nefnds samnings segi svo orðrétt:

„Sé B-liður 3. gr. í gildi, skulu réttindi og skyldur beggja samningsaðila fylgja slíkum réttindum skipaðra kennara og skóla í hinu íslenska námskerfi. Sé ekki svo að öllu leyti í þessum samningi, skal hann víkja.“

Hinn 11. ágúst 1976 hafi stefnanda verið ritað svohljóðandi bréf:

„Vegna bréfs þíns frá 5. júlí s.l. til stjórnar Tónlistarfélags Keflavíkur um að veita þér árs frí frá störfum, vill stjórnin tjá þér eftirfarandi. Það er stjórninni að meinalausu, þar sem hún lítur svo á, að eftir gildistöku nýrra laga um tónlistarskóla frá 15. maí 1975 sé allt óráðið um ráðningu þína við skólann.

Því tilkynnist þér hér með, að Tónlistarfélag Keflavíkur segir þér upp störfum, sem þú hefur gegnt á vegum félagsins.

Að öðru leyti vitnast til samtals, sem formaður félagsins átti við fyrr í þessari viku.“

Bréfi þessu hafi stefnandi mótmælt bæði munnlega og skriflega. Stefnandi telur uppsögnina löglausa og telur sig hafa notið réttinda og skyldna samkvæmt lögum um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins nr. 38/1954.

Þórir Bergsson, cand. act., hafi reiknað út tjón stefnanda vegna uppsagnarinnar og nemi það kr. 14.609.663.

Í greinargerð lögmanns stefnanda er þess getið, að í stefnu sé

um misritun að ræða, þar sem segir, að Alfreð Gíslason hafi undirritað ráðningarsamning við stefnanda, það eigi að vera Árni Ragnar Árnason.

III.

Frávísunarkrafa stefndu Tónlistarfélags Keflavíkur og Tónlistarskólans í Keflavík er byggð á tvennu, röngu varnarþingi og vanreifun.

Tónlistarfélag Keflavíkur eigi að sjálfsögðu heimili og varnarþing í Keflavík og beri að stefna því þar. Kröfugerð á hendur fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs sé byggð á misskilningi, þar sem kennarar tónlistarskóla skuli teljast starfsmenn sveitarfélags skv. 1. tl. 2. gr. laga nr. 22/1975. Sé skilyrðum 83. gr. laga nr. 85/1936 því ekki fullnægt. Stefndu Tónlistarfélag Keflavíkur og og Tónlistarskólinn í Keflavík hafi hvorki samið sig undan varnarþingi sínu né samþykkt, að málið skuli rekið í Reykjavík, og beri því að vísa málinu frá bæjarþingi Reykjavíkur.

Einnig er frávísunarkrafan á því byggð, að málið sé stórlega vanreifað. Stefnandi geri háar skaðabótakröfur, en hafi að litlu eða engu leyti gert grein fyrir þeim, ekki lagt fram allar bréfaskriftir aðilja og enga grein gert fyrir launum sínum eða starfa frá því að starfi hans lauk í Keflavík. Sé málalilbúnaður stefnanda það gallaður, að vísa beri málinu einnig frá af þeim sökum.

Þá er þess getið, að Páll Axelsson sé ekki lengur formaður tónlistarfélagsins og sé honum því ranglega stefnt f. h. félagsins.

Við munnlegan málflutning um frávísunarkröfuna var því haldið fram, að aðferð stefnanda sé einkennileg, hann stefni ríkissjóði einungis til þess að geta rekið varnarþing þessa stefnda. Samkvæmt lögum nr. 22/1975 teljist kennarar starfsmenn sveitarfélaga, fjárhagslegur stuðningur ríkissjóðs geri ríkissjóð ekki aðilja að málinu. Jafnframt var því haldið fram, að málalilbúnaður stefnanda væri brót á 104. og 105. gr. laga nr. 85/1936 og bæri einnig af þeirri ástæðu að vísa málinu frá dómi.

Í greinargerð stefnda fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs segir, að lög nr. 22/1975, sem stefnandi vísi til um rökstuðning fyrir kröfum á hendur ríkissjóði, séu lög um fjárhagslegan stuðning við tónlistarskóla. Samkvæmt 2. gr. laganna fái tónlistarskólar, sem fullnægja ákveðnum skilyrðum, rekstrarstyrk úr ríkissjóði, sem svari til helmings launagreiðslna skólastjóra og kennara. Um frekari kostnaðarþátttöku ríkissjóðs sé ekki að ræða og ríkið

sé ekki rekstraraðili þessara skóla, heldur viðkomandi sveitarfélög. Skólastjóri og kennarar séu ekki ríkisstarfsmenn, heldur starfsmenn sveitarfélaga, eins og berlega sé tekið fram í lögum. Þess vegna sé ekkert það réttarsamband á milli stefnanda og ríkissjóðs, sem geri stefnanda kleift að hafa uppi kröfur á hendur ríkissjóði. Stefnandi hafi ekki verið ríkisstarfsmaður og rekstur skólans sé ekki í höndum ríkisins. Beri því að sýkna ríkissjóð vegna aðildarskorts.

Við munnlegan málflutning um frávísunarkröfuna var henni andmælt af hálfu stefnda fjármálaráðherra með vísan til 83. gr. laga nr. 85/1936. Eigi ríkissjóður ekki aðild, þá leiði það til sýknu.

Jafnframt var á það bent, að vanreifun leiði til frávísunar ex officio.

Af hálfu stefnanda er því haldið fram, að Tónlistarfélag Keflavíkur hafi haft umsjón með rekstri skólans og beri ábyrgð á þessari löglausu uppsögn. Greiðslur til skólastjóra samkvæmt lögum nr. 22/1975 séu inntar af hendi úr ríkissjóði og því sé fjármála- f. h. ríkissjóðs stefnt in solidum til greiðslu kröfu stefnanda.

Við munnlegan málflutninn um frávísunarkröfuna var henni mótmælt af hálfu stefnanda með vísan til 83. gr. laga nr. 85/1936 og 2. gr. laga nr. 22/1975. Því var jafnframt haldið fram af hálfu stefnanda, að verði stefndi Tónlistarfélag Keflavíkur dæmdur, þá verði ríkissjóður dæmdur in solidum.

IV.

Álit dómsins.

Varnarþing stefndu Tónlistarskólans í Keflavík og Tónlistarfélags Keflavíkur er í Keflavík. Aðiljar máls þessa hafa ekki samið um annað varnarþing, sbr. 81. gr. laga nr. 85/1936.

Þegar virt er það lagaákvæði, sem stefnandi byggir kröfur sínar á á hendur stefnda ríkissjóði, þykir bersýnilegt, að verið sé að sniðganga ákvæði VII. kafla laga nr. 85/1936 um varnarþing, og verður því krafa stefndu Tónlistarskólans í Keflavík og Tónlistarfélags Keflavíkur um frávísun málsins tekin til greina.

Hæfilegt þykir, að stefnandi greiði stefndu Tónlistarskólanum í Keflavík og Tónlistarfélagi Keflavíkur kr. 50.000 í málskostnað.

Auður Þorbergsdóttir borgardómari kvað upp dóm þennan.

Dómsorð:

Máli þessu er vísað frá dómi.

Stefnandi, Ragnar Björnsson, greiði stefndu Tónlistarskól-
anum í Keflavík og Tónlistarfélagi Keflavíkur kr. 50.000 í
málskostnað innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að
viðlagðri aðför að lögum.

Mánudaginn 25. september 1978.

Nr. 228/1976. Helga Jónsdóttir

(Gunnar Sæmundsson hdl.)

gegn

Vilberg Sveinbjörnssyni

(Árni Halldórsson hrl.).

Kaupgjaldsmál.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Björn Sveinbjörns-
son, Benedikt Sigurjónsson og Logi Einarsson.

Áfrýjandi hefur áfrýjað máli þessu með stefnu 30. nóvem-
ber 1976. Krefst hún þess, að stefndi verði dæmdur til að
greiða sér 40.817 krónur með 2% dráttarvöxtum fyrir hvern
mánuð eða brot úr mánuði frá 1. september 1975 til greiðslu-
dags ásamt málskostnaði í héraði og fyrir Hæstarétti, eins
og málið væri ekki gjafsóknarmál, en áfrýjandi fékk gjaf-
sókn fyrir Hæstarétti með bréfi dómsmálaráðuneytis 23. nóv-
ember 1976.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og máls-
kostnaðar fyrir Hæstarétti.

Aðiljar eru sammála um, að um kaup og kjör áfrýjanda
hafi átt að fara eftir samningi frá 1. ágúst 1974 milli Alpýðu-
sambands Norðurlands og tiltekinna veitinga- og gistihúsa-
eigenda. Áfrýjandi heldur því fram, að hún hafi átt að fá